



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing FJÁF3CA05	

Búið til – útg.	7. apríl 2021 – útgáfa 2
Námsgrein	Fjármálafræði
Titill	Fjármálafræði
Skammstöfun	FJÁF3CA05
Viðfangsefni	Fjármál
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	3
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Í áfanganum er fjallað um fjárfestingaútreikninga og aðferðir sem notaðar eru til að meta arðsemi og hagkvæmni þeirra. Farið er í gerð fjárhagsáætlunar og greiðsluflæðis. Kennð eru hugtök eins og núvirði, framtíðarvirði, nafnvextir og raunvextir, verðtrygging og verðbólga, vísitölur, ávöxtunarkrafa, næmisgreining og kostnaðarhugtök. Þá er farið í helstu tegundir verðbréfa eins og skuldabréf og hlutabréf og útreikningar á gengi og arðsemi þeirra gerðir miðað við mismunandi forsendur. Helstu markaðir eru kynntir auk almennrar fjármálasterfsemi. Þá eru helstu kennitölur í rekstri kynntar þar sem nemendur læra að þekkja mismunandi rekstrar- og fjárhagsstöðu fyrirtækja. Notast er við töflureikni (excel) í kennslu í áfanganum. Lögð er mikil áhersla á þjálfun í útreikningum og sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum.</p>
Forkröfur áfanga	BÓKF1AA05, REKS2BA05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: Nemandi hefur almenna þekkingu og skilning til að flokka fjármálhugtök eftir eðli þeirra og greint niðurstöður útreikninga til ákvarðanatöku. Nemandi skal geta sett fram rök fyrir þeim aðferðum sem að baki liggja við greiningu fjármálagerna. Nemandi skal hafa skilning á námsefninu sem gerir honum kleift að greina á milli valkosta sem í boði eru á fjármálamarkaði. Nemandi skal geta útskýrt helstu vaxtahugtök og þekki helstu tegundir skuldabréfa og geti reiknað greiðslur tengdar þeim.</p>

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	Áfangalýsing FJÁF3CA05	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		

Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og færni sem hann hefur aflað sér til að þekkja fjármálamarkaðinn, helstu markaðsverðbréf, og geti reiknað út með aðferðum fjármálafræðinnar vísitölur, gengi, greiðslur, innri vexti og ávöxtun. Nemandi skal hafa kynnst fjármálamarkaðnum t.d. með heimsóknnum og raunhæfum verkefnum.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Nemandi skal hafa öðlast leikni til að nýta töflureikni og þá möguleika sem hann býður upp á til útreikninga á sviði fjármála. Nemandi skal geta sett fram skýringar í tölum og í myndrænu formi þegar það á við. Nemandi geti gert fjárhagsáætlanir og átti sig á gagnsemi þeirra og geti reiknað vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaþrósentu og tíma í einföldum og samsettum vaxtareikningi.
Námsmat	